



## Stúdentspróf í stjörnufræði

15. maí 2014

kl. 9:00 - 11:00

Nafn: \_\_\_\_\_ Bekkur: \_\_\_\_\_

Prófið er 6 tölusettar blaðsíður.

Athugaðu hvort þú hafir fengið þær allar.

Notið baksíður eftir þörfum.

**I Stuttar skilgreiningar (20%)**

=>**Gerið stuttlegra grein fyrir 4 atriðum af 5**

Stjörnuhrap

Gróðurhúsaáhrif

Hvítir dvergar

Tifstjörnur

Kjarni Vetrarbrautarinnar okkar

## II Innfyllingar (10%)

Setjið inn í eyðurnar það sem á best við

Dæmi: *Imbríum dældina er að finna á hnetti sem nefnist tunglið.*

Stærsta tungl sólkerfisins heitir \_\_\_\_\_

Mímas

Títan

Fóbos

Evrópa

Tunglið

Ganýmedes

Hubble

Chandrasekhar

Ohm

Bode

Magellan

Planck

Röntgen

Ummerki um vatn er að finna á \_\_\_\_\_

Hámarksmassi hvítra dverga er nefndur eftir \_\_\_\_\_

Geislunin frá kórónu sólar er kennd við \_\_\_\_\_

Vetrarbrautinni okkar fylgja dvergvetrarbrautir sem eru heita eftir \_\_\_\_\_

**III Sólkerfið (30%)**

=>Veljið 3 spurningar af 4

**Gosvirkni í sólkerfinu (eld- og ísvirkni)**

Segið frá gosvirkni á 3 hnöttum í sólkerfinu (s.s. lýsing á ferlinu, efni, hitastig...).

**Kvartilaskipti og myrkvar**

Útskýrið hvers vegna útlit tunglsins breytist.

Hvað er tunglmánuðurinn langur? Hvers vegna?

Hvað verða tunglmyrkvar u.þ.b. oft á jörðinni á ári? Hver er skýringin á því?

**Leitin að vatni á Mars**

Lýsið og færið rök fyrir 4 dæmum um að vatn hafi verið eða sé til staðar á Mars.

**Plútó og Karon**

Úr hvaða efnum er Plútó? Hvað teljum við okkur vita um landslagið á Plútó?

Hvernig fannst tunglið Karon? Lýsið snúningi Karons og Plútó.

**IV Stjarneðlisfræði (30%)**

=>Veljið 3 spurningar af 4

**Innri gerð sólarinnar**

Í hvaða hluta skiptist sólin fyrir innan ljóshvolfið (yfirborð sólar)?

Hvað er að gerast í hverjum hluta fyrir sig?

**HR-línurit og ævi sólarinnar**

Teiknið upp dæmigert HR-línurit. Munið eftir réttum stærðum og einingum á ásum.

Teiknið inn æviferil sólarinnar. Hvað er að gerast í kjarna hennar... a) í upphafi?

b) við ævilok?

## Kúluþyrpingar

Hvað eru kúluþyrpingar? Fjallið um helstu atriði sem tengjast þeim s.s. fjölda stjarna, aldur, gerðir stjarna og dreifingu í Vetrarbrautinni.

## Miklihvellur

Fjallið um og útskýrið 3 röksemadir fyrir upphafi alheims í miklahvelli.